

**EYD-212**

<b>Heiti: Frárennsli</b>	<b>Númer: 5</b>	<b>Flokkun: A</b>	<b>Dagsetning: 23.11.2007</b>
--------------------------	-----------------	-------------------	-------------------------------

**Lýsing á umhverfisþætti:**

Um er að ræða allt frárennsli frá gangnagerð og rannsóknarborholum sem inniheldur svifagnir, frárennsli frá plönum, verkstæðum og geymslum þar sem hættu er á olíu- eða tjörumengun og skólp frá aflstöðvum og vinnubúðum. Settankar, olíuskiljur og rotþrær hafa það hlutverk að draga úr umhverfisáhrifum frárennslis. Í settönkum er rennsli frárennslis tafið þannig stærsti hluti svifagna botnfellur. Í rotþróum er lífrænn úrgangur (seyra) skilinn frá og affallið leitt um siturlagnir í jarðveg. Í olíuskiljum er olía skilin frá frárennslisvatni og afallið ýmist leitt í almennt fráveitukerfi, dælt upp úr olíuskilju til meðhöndlunar eða leitt í jarðveg. Yfirlit yfir rotþrær og olíuskiljur er að finna í leiðbeiningum um umhverfisstjórnun einstakra starfsstöðva. Þörf fyrir settanka, rotþrær og olíuskiljur er skilgreind fyrir hverja einstaka nýframkvæmd eða verkefni.

**Umhverfisáhrif:**

Umhverfisáhrif affalls frá settönkum, rotþróum og olíuskiljum ræðst af virkni þeirra. Óhreinsað skólp inniheldur mikinn styrk lífrænna efna og örvera. Mengun vegna ófullnægjandi hreinsunar skólps getur valdið mengun grunnvatns og yfirborðsvatns og getur jafnframt verið hættulegt heilsu manna og dýra. Ólífrænar svifagnir sem berast út í ár eða vötn geta haft neikvæð áhrif á lífríkið og valdið sjónrænum áhrifum. Eiturefni í olíu, tjöru og olíuhreinsiefnum sem berast í fráveitukerfi og skiljast ekki nógu vel frá í olíuskiljum hafa neikvæð áhrif á lífríki í viðtaka og valda sjónrænni mengun.

**Umhverfisáhætta:**

Ef settankar eru ekki losaðir reglulega stýttist viðverutími frárennslis í þeim og virkni minnkar sem veldur því að óhreinsað frárennsli getur sloppið út í umhverfið.

Ef regluleg tæming á seyru í rotþró bregst er hættu á að rotþróin virki ekki sem skyldi og að of mikið magn saurgerla berist í umhverfi.

Ef vöktun á magni olíusora í olíuskilju bregst og/eða skiljan er ekki tæmd tímanlega, er hættu á að olíuskiljan virki ekki sem skyldi og að olía berist í fráveitukerfi eða umhverfi.

**Fyrirbyggjandi stýring:**

Reglulegt eftirlit á magni olíusora og seti, regluleg tæming olíuskilja og settanka ásamt reglulegu eftirliti og hreinsun á rotþróum. Til að auka virkni olíuskilja er æskilegt að nota sérstakan olíuhreinsi sem hentar olíuskiljum og er viðurkenndur af Umhverfisstofnun sem slíkur. Þá má minnka hættu á að eitur- og hættuleg efni berist í fráveitur með notkun ísogsefna. Til að auka virkni rotþróa er æskilegt að nota hreinsiefni sem ekki draga úr virkni þeirra.

**Vöktun:**

Fylgst er reglulega með magni sets í settönkum, olíu í olíuskiljum og seyru í rotþróum. Vöktunaráætlun er skilgreind í umhverfisstjórnun starfsstöðva/verkefna.

**Ástæða flokkunar:**

Frárennsli frá settönkum, rotpróm og olíuskiljum flokkast sem A umhverfispáttur, þ.e. sem þýðingarmikill umhverfispáttur. Í lögum og reglugerðum eru ákvæði um meðhöndlun frárennslis.

Þjóðarmarkmið er að mengun í ám og vötnum verði engin eða svo lítil að hún hafi ekki áhrif á vistkerfi ferskvatns, fiskigengd eða útivistargildi.